

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. apríl 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 0,7 ha svæði (lóð) fyrir frístundabyggð í landi Hvamms í Skorradalshreppi breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.